



## Markaðsstofa Suðurlands

### Fundargerð

2. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudagur 5. september 2022, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Geir Gígja, Ferðamálasamtök Suðurlands  
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands  
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.  
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga  
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu  
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

Dagskrá

- Staða mála
- Hvað er framundan
- Önnur mál

### Staða mála

Katrín Sigurðardóttir, formaður stjórnar, setur fund og fer yfir stöðu mála og að framkvæmdastjóri verði í veikindaleyfi áfram út september.

Ragnhildur fer yfir þau verkefni sem voru í sumar og hvernig þau gengu. Í sumar aðstoðuðu starfsmenn þónokkra áhrifavalda, kvikmyndagerðarfólk og skipulögðu blaðamannaferð í kringum Landsmót hestamanna á Hellu með Íslandsstofu. Aðstoðin fólst meðal annars í tillögum að ferðaskipulagi, aðstoð við að finna samstarfsaðila og ráðgjöf vegna leyfismála. Samfélagsmiðlarnir tóku sitt pláss í sumar og farið var í sambærilegt verkefni og var gert í fyrra með því að óska eftir mynd og örsögu frá fyrirtækjum til að birta á miðlunum. Þátttaka reyndist ekkert sérlega góð í því verkefni að þessu sinni. Landshlutakortið var uppfært og prentað í sumar. Starfsmenn funduðu með Arnari hjá Upplifdu.is um efnissköpun og fyrirhugaðar vetrartökur ræddar. Unnið var að uppfærslu áfangastaðaáætlunar, sem

ekki er lokið ennþá. Þá er vefsíðan sífellt í uppfærslu og hittist vefhópur MAS í ágúst þar sem settar voru upp tillögur að þróunarverkefnum vetrarins hjá hópnum.

### Hvað er framundan

Ragnhildur fer yfir hvað sé framundan hjá Markaðsstofunni, en margt er framundan og stór verkefni sem þarf að vinna. Starfsmenn eru að fara á mismunandi vinnustofur og kaupráðstefnur, meðal annars í Bandaríkjunum og Vestnorden sem er haldið í Grænlandi í ár. Einnig eru framundan fundir með MAS, Hæfnisetrinu, SAF og Ferðamálastofu. Einnig er á dagskrá blaðamannaferð með Íslandsstofu 28.sept - 3.okt og verður starfsmaður MSS með þeim allan tímann. Þá er verið að byrja að undirbúa Mannamót sem verða haldin 19. janúar 2023. Þá þarf að klára áfangastaðaáætlun.

### Önnur mál

Stjórn samþykkir að starfsmenn geti áfram leitað til Völu Hauksdóttur (sem nú er að vinna að Eldfjallaleið fyrir MSS) um frekari verkefni sé þess þörf.

Fundi slitið kl. 10.30